

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbærar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Akrakór 5. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 23. október 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Akrakór 5. Í breytingunni felst að í stað einbýlishúss verði byggt parhús á lóðinni, byggingarmagn er aukið úr 400 m² í 544 m², heimiluð verði útbygging á efri hæð út fyrir byggingarreit 2,5 x 7,5 m á hvorri hlið, hámarkshæð verði 6,6 m miðað við aðkomuhæð í stað 6,3 m og heimilaðar verði svalir á suðurhlíð hússins 1,7 m út fyrir byggingarreit.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Álalind 18-20. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 27. nóvember 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Álalind 18-20. Í breytingunni felst fjölgun íbúða úr 43 í 57 og fjölda bílastæða á lóð er fjölgæð úr 73 í 84. Aðkomuhæð kjallara hækkar um 0,42 m og fyrstu hæðar um 0,32. Niðurgrafin bílgeymsla stækkar að grunnfleti um 300 m². Að öðru leyti er tillagan óbreytt s.s. hámarkshæð og byggingarmagn íbúðarhúss á lóð.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Fifuhvammur 47 (Barmahlið) og 47a. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 27. nóvember 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fifuhvamm 47. Á lóðinni stendur íbúðarhús byggt 1932, 50 m² að stærð (Fifuhvammur 47). Í breytingunni felst heimild til að byggja við húsið 25 m² til norðurs auk þess sem byggt er nýtt íbúðarhús á tveimur hæðum vestan við núverandi hús, 125 m² að grunnfleti og 230 m² að samanlöögðum gólfleiti (Fifuhvammur 47a).

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendahvarf – athafnasvæði. Urðarhvarf 8. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Kópavogsbærar samþykkt þann 11. desember 2018 breytingu á deiliskipulagi Urðarhvarfs 8. Í tillöggunni felst að bætt er 350 m² til vesturs við þakhæð hússins.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 12. desember 2018.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.